

# Stofnanasamningur

## milli SFR- stéttarfélag í almannajónustu og Biskupsstofu um reglur og röðun starfa.

(skv. 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðuneytis f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005.)

### 1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR í starfi hjá Biskupsstofu.

### 2. Starfaflokkar

Röðun starfaflokka og skilgreiningar á störfum sem hér segir:

Starfsheiti	Starfslýsing	Grunnröðun
Skrifstofumaður	Afgreiðsla, símaþjónusta, ræsting og almenn skrifstofustörf sem unnin eru undir stjórn annarra.	11
Fulltrúi I	Skrifstofustörf og bókarar. Starfsmaður skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina hvað varðar eigin ábyrgðarsvið.	15
Fulltrúi II	Sérhæfð ritarastörf, aðalbókari og aðalféhirðir. Fulltrúi ber ábyrgð á afmörkuðum málaflokkum og stjórnun einstakra verkefna.	18

### 3. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

#### 3.1. Starfsreynsla.

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá stofnuninni að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- starfsmaður með 6 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- starfsmaður með 10 ára starfsreynslu skal hækka um 2 launaflokka.

#### 3.2. Menntun

- Starfsmaður sem lokið hefur menntun, sem nýtist í starfi, og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal ráðast hærra en að framan greinir, skv. eftirfarandi:
  - 1 launaflokk til viðbótar vegna náms í 1 skólaár umfram skólaskyldu.
  - 1 launaflokk til viðbótar vegna náms í 4 skólaár umfram skólaskyldu.

- b. Starfsmaður sem lokið hefur einingum á háskólastigi, sem nýtist í starfi og ekki hefur verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal ráðast hærra en að framan greinir, skv. eftirfarandi:

1 launaflokk vegna 30 eininga náms, sem samsvarar einu skólaári.

### 3.3. Starfsnám/símenntun

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

1. þrep starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk
2. þrep starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka
3. þrep starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka
4. þrep starfsmaður skal, þegar 300 kennslustundum er náð, hækka um 4 launaflokka

### 3.4. Námsleyfi

Biskupsstofu er heimilt að veita starfsmanni launað námsleyfi til að stunda viðurkennt sérnám varðandi starf sitt og/eða sækja framhalds- eða endurmenntunarnámskeið. Skal starfsmaður halda fullum launum meðan slíkt nám varir, allt að þremur mánuðum. Heimilt er að veita starfsmanni námsleyfi með þessum kjörum er að framan greinir eftir fimm ára samfelldan starfsaldur.

### 3.5. Starfsmannasamtöl og launaviðtöl

Starfsfólk á rétt á starfsmannasamtöl einu sinni á ári til að ræða starf og starfssvið sitt.

Starfsfólk á rétt á umsögn um störf sín liðið ár.

Starfsfólk skal einnig hafa rétt á viðtali einu sinni á ári vegna launa.

### 3.6. Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að 2 launaflokka alls ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Leggja skal fram í samstarfsnefnd samningaðila skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

## 4. Endurskoðun

Heimilt er að taka samninginn til endurskoðunar og einstök ákvæði hans hvenær sem er, ef annar aðilinn krefst þess. Að öðru leyti er vísað til kjarasamnings SFR og fjármálaráðuneytis f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005.

## 5. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík, 1. febrúar 2007

F.h. SFR – stéttarfélag í almannajónustu  
(*sign.*)

F.h. Biskupsstofu  
(*sign.*)

## Viðauki við stofnanasamning SFR og Biskupsstofu

Af ákvæði greinar 1.1.8 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra frá árinu 2005 er samstarfsnefnd falið að semja um styrkingu/þróun launakerfis og skal kostnaður nema 2% af launakostnaði. Af bókun 2 í sama kjarasamningi, leiðir jafnramt 1,2% hækkun. Þessi samanlagða hækkun um 3,2% á að taka gildi frá 1. maí 2007.

Aðilar samstarfsnefndar Biskupsstofu eru sammála um að hækka alla starfaflokka um einn launaflokk, frá og með 1. maí, 2007, en sú hækkun nemur 3%.

Aðilar stofnanasamnings þessa eru einnig sammála um að þeir starfsmenn sem starfa hjá Biskupsstofu og falla undir samning þennan haldi óbreyttum launum út þetta ár, en fái greidda eingreiðslu vegna þessarar hækkunar þann 1. janúar 2008, í samræmi við sambærilegt samkomulag sem Biskupsstofa hefur gert við önnur félög starfsmanna sinna. Reiknast upphæð eingreiðslunnar hvers starfsmanns út frá þeim mismun sem skapast hins vegar milli þeirra launa sem starfsmenn fá greidd fyrir vinnu á tímabilinu 1. maí 2007 til 31. desember 2007 og annars vegar þeirra launa sem starfsmenn hafa rétt á eftir umrædda hækkun frá og með 1. maí 2007.

Frá og með janúar 2008 verða laun greidd mánaðarlega með eðlilegum hætti.

Í samræmi við ofangreint, er grunnröðun starfaflokka frá 1. maí 2007 sem hér segir:

Skrifstofumaður.....	12
Fulltrúi I.....	16
Fulltrúi II.....	19

Reykjavík, 27. apríl 2007

---

F.h. SFR – stéttarfélags í almannáþjónustu

---

F.h. Biskupsstofu